

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið,  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 15. janúar 2019

Varðar: Upplýsingar um afdrif og niðurstöðu áhættumats Dr. Preben W. Willeberg varðandi innflutning gæludýra til Íslands.

Hundaræktarfélag Íslands hefur um árabíl óskað eftir skýringum íslenskra stjórnvalda og rökstuðningi fyrir reglum sem gilda um innflutning hunda og sér í lagi tímalengd fjögurra vikna einangrunarvistun þeirra. Í framhaldi bréfaskrifa félagsins og fundarhalda með ráðherrum og yfirstjórn MAST, ákvað þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir að ráðast í nýtt áhættumat í september 2017. Með því var fallist á þann rökstuðning félagsins að það áhættumat sem núgildandi reglur byggðu á væri úrelt. Aukinheldur hafði félagið bent á ýmsa ágalla á framkvæmd þess. Til verksins var fenginn dr. Preben W. Willeberg, fyrrverandi yfirdýralæknir Danmerkur og prófessor við UCLA Davis háskólann í Bandaríkjunum. Af hálfu félagsins var lögð rík áhersla á að óháður erlendur aðili yrði fenginn til verksins sem væri óhlutdrægur. Væri það mikilvægt til að tryggja trúverðugleika niðurstöðunnar sem væri brýnt ekki síst vegna ágalla á fyrra áhættumati sem unnið var af innlendum aðilum 2003. Vitneskja var um að dr. Willeberg hefði unnið áþekka vinnu fyrir íslensk stjórnvöld áður. Var stefnt að því að hann skilaði niðurstöðu um miðjan apríl 2018.

Ári eftir að ákvörðun var tekin að fara í áhættumatið beindi Þorgerður Katrín, alþingismaður fyrirspurn til núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á Alþingi m.a. um það hvernig vinnunni miðaði. Þann 15. október s.l. svaraði Kristján Þór Júlíusson núverandi ráðherra fyrirspurninni. Í svari ráðherra kom fram að vinnan stæði enn yfir en skýrsla ætti að liggja fyrir eigi síðar en í árslok 2018. Einnig kom fram að innlendir sérfræðingar myndu funda með dr. Preben W. Willeberg áður en skýrslan yrði gefin út. Félagið bendir á nauðsyn þess að Willeberg sé óháður og hlutlægur í sínum störfum og til að tryggja að svo sé, er þess óskað að fá að eiga áheyrnarfulltrúa á fundum sem haldnir verða með honum og fulltrúum MAST um efnistöð og niðurstöður skýrslunnar.

Ennfremur kom fram í svari ráðherra að niðurstaðan yrði notuð sem grunnur til skoðunar á reglum um innflutning gæludýra sem félagið hefur kallað eftir um árabíl. Er hér með farið þess á leit að upplýst verði um afdrif vinnunnar, hvort skýrslan sé tilbúin. Liggi hún fyrir er óskað eftir aðgangi að skýrslunni, með vísan til 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Ef ekki, er óskað skýringa á töfum á vinnunni, en vinnan hefur nú staðið yfir í nær eitt og hálf ári.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Hrfí



Herdís Hallmarsdóttir formaður.

Samrit sent:

Matvælastofnun, Yfirdýralækni, Austurvegi 64, 800 Selfossi.